

D Ó M U R

Héraðsdóms Austurlands þriðjudaginn 11. desember 2012 í máli nr. E-119/2011:

Dagur Kristmundsson

(Jón Jónsson hrl.)

gegn

Friðriki V. Halldórssyni,

(Karl Axelsson hrl.)

Sigríði Guðmarsdóttur (Réttargæsla)

og

Ríkissjóði Íslands (Réttargæsla)

(Óskar Thorarensen hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 17. október 2012, er höfðað með stefnum birtum 22. og 24. nóvember 2011 af Degi Kristmundssyni, Bláskógum 7, Egilsstöðum, á hendur Friðriki V. Halldórssyni, Brattholti 1, Mosfellsbæ og til réttargæslu Sigríði Guðmarsdóttur, Dalskógum 5a, Egilsstöðum og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra f.h. Ríkissjóðs Íslands, Vegmúla 3, Reykjavík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þessar:

Aðalkrafa: Að viðurkennt verði með dómi að landamerki milli Hrollaugsstaða og Ásgrímsstaða, eftir að landamerkjálína milli Hrollaugsstada og Sands sker Jökullæk, liggja eftir farvegi Jökullækjar um hnit nr. 1. 571304,5298 - 719046,078, hnit nr. 2 571244,2319 - 719044,552, hnit 3 571087,5395 - 719006,3139, hnit 4 571020,6619 - 718964,265, hnit 5 570921,3104 - 718822,8432, hnit 6 570856,4724 - 718824,3837, hnit 7 570760,7831 - 718891,6174, hnit 8 570739,7559 - 718947,032, hnit 9 570737,8275 - 719088,4412, hnit 10 570724,4449 - 719138,124, hnit 11 570661,3775 - 719189,7115, hnit 12 570600,2275 - 719189,704, hnit 13 570502,7744 - 719151,4733 í Álfalækjarauga hnit 14 570359,6711 - 719006,079, og farvegi Álfalækjar um hnit 15 570579,2274 - 719025,3606, hnit 16 570609,8125 - 718943,1941, hnit 17 570640,3938 - 718893,5134, hnit 18 570686,2624 - 718843,8346, hnit 19 570727,2958 - 718731,1435, hnit 20 570703,825 - 718684,0755, hnit 21 570698,8157 - 718605,7601, hnit 22 570714,9616 - 718557,1974, hnit 23 570691,1826 - 718464,4959, hnit 24 570634,1713 - 718368,2474, hnit 25 570601,345 - 718241,2606, í Ásgrímsstaðavatn, svo ræður vatnið að Kelduós sem fellur úr Merkidal, hnit 26 570213,1069 - 717871,368. Svo

eftir miðjum Merkidal í hnit 27 569712,4871 - 717891,3654, um fyrrum vörðustæði utan á Hálsinum og svo réttlínis í Vatnalækjarós hinn ytri, hnit 29 569577,4801 - 717350,7558.

Fyrsta varakrafa: Að landamerki milli Hrollaugsstaða og Ásgrímsstaða verði eins og í aðalkröfu að hnit 26 570213,1069 - 717871,368, en svo eftir miðjum Merkidal í hnit 31 569575,503 – 717897,0011, um fyrrum vörðustæði utan á Hálsinum og svo réttlínis í Vatnalækjarós hinn ytri, hnit 29 569577,4801 - 717350,7558.

Önnur varakrafa: Að landamerki milli Hrollaugsstaða og Ásgrímsstaða verði eins og í aðalkröfu að hnit 26 570213,1069 - 717871,368, en svo eftir miðjum Merkidal í hnit 28 569493,5141 – 717900,2973, um fyrrum vörðustæði utan á Hálsinum og svo réttlínis í Vatnalækjarós hinn ytri, hnit 29 569577,4801 - 717350,7558.

Priðja varakrafa: Að landamerki milli Hrollaugsstaða og Ásgrímsstaða verði eins og í aðalkröfu að hnit 26 570213,1069 - 717871,368, en svo eftir miðjum Merkidal í beinni línu um hnit 28 569493,5141 – 717900,2973, allt að skurðpunkti línu og eftir þeirri línu sem liggur um hnit nr. 36, 569360,762 – 717805,5, þar sem fyrst sést maður á hesti af Ásgrímsstaðahlaði, þá framan kemur bóndastaðaveg, og hnit nr. 29 569577,4801 - 717350,7558, Vatnalækjarós hinn ytri.

Í öllum tilvikum er þess jafnframt krafist að viðurkennt verði með dómi að Hrollaugsstöðum fylgi réttur til netlaga í Ásgrímsstaðavatni þar sem Hrollaugsstaðir eiga land að vatninu skv. dómkröfu.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Af hálfu réttargæslustefndu eru engar kröfur gerðar, enda engar kröfur hafðar uppi á hendur þeim.

Við aðalmeðferð málsins gekk dómari á vettvang ásamt aðilum máls, lögmönnum þeirra og Lárusi Heiðarssyni, skógræktarráðunaut hjá Skógrækt ríkisins. Annaðist sá síðastnefndi hnitsetningu á vettvangi vegna þriðju varakröfu stefnanda, sem sett var fram í kjölfar vettvangsgöngunnar. Var gengið á þann hluta hinna umdeildu merkja sem liggja í Merkidal og yfir að Víðastaðavatni, auk þess sem farið var að bænum á jörðinni Ásgrímsstöðum.

I

Aðilar máls þessa eru eigendur jarðanna Ásgrímsstaða og Hrollaugsstaða í Hjaltastaðahéringhá, sem liggja milli Lagarfljóts og Selfljóts á utanverðu Fljótsdalshéraði. Í máli þessu er deilt um landamerki milli jarðanna, auk þess sem deilt er um það hvort Hrollaugsstöðum fylgi réttur til netlaga í Ásgrímsstaðavatni. Málavöxtum er lýst ítarlega bæði í stefnu og greinargerð, en af hálfu stefnda er

málavaxtalýsingu stefnanda mótmælt að því leyti sem hún fer í bága við lýsingu stefnda. Verður málavöxtum því hér að mestu lýst samkvæmt gögnum málsins, en vísað til málavaxtalýsinga aðila eftir því sem þurfa þykir.

Stefnandi, Dagur Kristmundsson, eignaðist jörðina Hrollaugsstaði með afsali, dags. 20. júní 1967. Hann kveðst hafa alist upp á Anastöðum í Hjaltastaðarþinghá, en hafa dvalið mikið á Hrollaugsstöðum, þar sem afi hans Kristinn Magnússon hafi búið til ársins 1958.

Jörðina Ásgrímsstaði eignaðist stefndi, Friðrik V. Halldórsson, að hluta á árinu 1990 og hana alla á árinu 1991, samkvæmt því sem greinir í þinglýsingavottorði. Stefndi kveður afa sinn, Ágúst Ásgrímsson, hafa tekið við ábúð jarðarinnar árið 1925, keypt jörðina árið 1942 og hún verið í eigu fjölskyldunnar frá þeim tíma.

Í málinu liggur m.a. fyrir landamerkjabréf fyrir Ásgrímsstaði, ódagsett, en sem þinglýst var á Hjaltastaðamanntalsþingi 14. júní 1890 og innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu. Er ágreiningslaust að bréfið sé undirritað af eigendum og ábúendum Ásgrímsstaða og Hrollaugsstaða, auk fulltrúa annarra aðliggjandi jarða. Landamerkjum milli Ásgrímsstaða og jarðarinnar Hóls er þar fyrst lýst, en síðan merkjum við Hrollaugsstaði og er lýsingin svohljóðandi:

„Landamerki að utan milli Ásgrímsstaða og Hóls eru í miðjan svokallaðan aur, sem ræður austur í Jökullæk, að austan og neðan ræður Jökullækur fram í Markhólma, sem er í miðjum Jökullæk. Þar þvert yfir lækinn eiga Ásgrímsstaðir heyskap allan, allt fram í þúfu þá, sem liggur mitt í læknum, út úr hagaodda austarlega, að sunnan og framan úr Álptarauga upp eptir miðjum Álftalæk allt í Ásgrímsstaðavatn og svo rétta línu í Sortukeldu, og frá Sortukeldu fram eptir miðjum Merkidal og svo langt fram þar til fyrst sést maður á hesti af Ásgrímsstaðahlaði, þá framan kemur Bóndastaðaveg, og svo réttlínis norður yfir í Vatnalækjarós hinn ytri og þaðan réttlínis yfir Víðastaðavatn [...].“

Ekki mun hafa verið gert landamerkjabréf fyrir Hrollaugsstaði fyrr en í kjölfar gildistöku núgildandi laga um landamerki o.fl. nr. 41/1919. Landamerkjabréf fyrir jörðina er dags. 15. desember 1921, þinglesið 19. júlí 1922, innfært í landamerkjabók Norður-Múlasýslu og er m.a. undirritað af ábúendum Hrollaugsstaða og Ásgrímsstaða. Lýsing þess er svo hljóðandi:

„Að utan ræður Engilækur í Engilækjardrög, þaðan í Beinhól og bein stefna í Markhól við Jökullæk, þaðan ræður Jökullækur í Álftalækjarauga og Álftalækur í Ásgrímsstaðavatn, svo ræður vatnið að Kelduós sem fellur úr Merkidal. Svo eftir miðjum Merkidal í vörðu utan á Hálsinum (eða þar sem fyrst sést maður á hesti af Ásgrímsstaðahlaði þegar innan kemur Bóndastaðaveg) svo réttlínis norður í Vatnalækjarós hinn ytri, þaðan réttlínis í austanverðan Heygarð innan við Vatnablá. [...].“

Í málinu liggja einnig fyrir byggingarbréf fyrir Hrollaugsstaði frá 6. júní 1912 og 6. júní 1915, þar sem er að finna svohljóðandi og samhljóða lýsingu á landmerkjum gagnvart Ásgrímsstöðum:

„[...] þaðan beina stefnu í Markhól við Jökullæk. Þaðan ræður Jökullækur í Álfタルækjarauga, þaðan ræður Álfタルækur í Ásgrímsstaðavatn. Svo ræður vatnið að kelduós sem fellur úr Merkidal að norðan. Svo eftir miðjum Merkidal í vörðu utan á Hálsinum, þaðan beint í Víðastaðavatn, svo ræður Víðastaðavatn að Lækjarós, þaðan bein lína í miðjan Heygarð framan við Vatnablá. [...]“.

Í málinu liggja ennfremur fyrir landamerkjabréf aðliggjandi jarða, þ.e. ódagsett bréf Víðastaða (einnig í gögnum málsins nefnt Víðastaðir) sem þinglesið var 2. júlí 1884 og landamerkjaskrá fyrir Hól og Hólshjáleigu, dags. 23. maí 1890 og þinglesin 14. júní sama ár, bæði innfærð í landamerkjabók Norður Múlasýslu. Jörðin Víðastaðir er nú í eigu réttargæslustefnda ríkissjóðs Íslands, en jörðin Sandur, sem áður tilheyrði Hóli og Hólshjáleigum, er nú í eigu réttargæslustefndu Sigríðar Guðmarsdóttur

Stefnandi lýsir ágreiningssvæðinu svo að það hefjist þar sem landamerkjalinu milli Hrollaugsstaða og Hólsjarða liggja í Jökullæk og þar með að landi Ásgrímsstaða, en með Hólsjörðum sé vísað til jarðanna Hóls og Hólshjáleigu og síðari nýbýla sem átt hafi landið í óskiptu, þ.e. Sands og Eylands. Landi Hólsjarða hafi verið skipt með skiptagerð, dags. 3. maí 2002, en þá hafi ytri landamerki Hólsjarða verið hnitsett og landinu skipt í séreignahluta. Dómkröfur stefnanda séu hlutlausar um réttmæti landamerkjalinu Hólsjarða við Hrollaugsstaði, en byggt sé á því að lína samkvæmt dómkröfu hefjist þar sem land Hrollaugsstaða og Ásgrímsstaða liggja saman. Í samræmi við landskiptagerðina sé því nægjanlegt að réttargæslustefna eiganda jarðarinnar Sands. Ríkissjóði Íslands sé einnig stefnt til réttargæslu sem eiganda jarðarinnar Víðastaða. Sú jörð eigi land að Víðastaðavatni, sem fremri hluti landamerkja Ásgrímsstaða og Hrollaugsstaða liggja að.

Samkvæmt framlögðum gögnum hófust formlegar viðræður málsaðila um landamerki jarðanna á árinu 2009, í kjölfar bréfs þáverandi lögmanns stefnda til stefnanda, dags. 25. júní það ár, þar sem tilkynnt var að stefndi hygðist þinglýsa yfirlýsingu um hnitsetta afmörkun á landi jarðarinnar Ásgrímsstaðir. Þar sem þær viðræður báru ekki árangur og stefndi hafði hafið skurðgröft á svæðinu, leitaði stefnandi til sýslumannsins á Seyðisfirði með bréfi, dags. 15. september 2011, með ósk um að sýslumaður héldi sáttafund um landamerkjadeiluna í samræmi við ákvæði laga nr. 41/1919, um landamerki o.fl. Stefndi hafnaði því að mæta á boðaðan sáttafund, með bréfi til sýslumannsins, dags. 19. október 2011.

Bæði í stefnu og greinargerð er vísað til loftmyndatöku sem fram hafi farið á árinu 1993 eða þar um kring, eftir að gengið hafi verið á vettvang og settir niður segldúkar á tilteknum merkjum. Stefnandi kveður þá loftmynd lýsa röngum landamerkjum, enda hafi hann ekki sjálfur átt hlut að þessari vettvangsgöngu.

Við aðalmeðferð málsins gáfu auk aðila málsins skýrslu vitnin Guðmar Ragnarsson, fyrrum bóndi og mjólkurbílstjóri í Hjaltastaðarþinghá, Guðmundur Karl Sigurðsson, bóndi í Laufási í Hjaltastaðarþinghá og Einar Kristinsson, móðurbróðir stefnanda. Vikið verður að framburðum aðila og vitna eftir því sem þurfa þykir í niðurstöðukafla dómsins.

II

Til stuðnings aðalkröfu sinni kveðst stefnandi vísa til laga nr. 41/1919, um landamerki, s.s. ákvæða 2. gr. um landamerkjaskrár, þ.e. svokölluð landamerkjabréf. Stefnandi byggir á því að landamerkjabréf Hrollaugsstaða, dags. 15. desember 1921, lýsi merkjum jarðarinnar við Ásgrímsstaði. Ágreiningur sem til staðar sé um merkin byggir að hluta til á ágreiningi um legu kennileita og til hvers örnefni vísi, en jafnframt skýringu á fyrirliggjandi landamerkjagögnum. Vísað sé til almennra skýringarreglna þar um.

Í stefnu er rakin lýsing landamerkja úr landamerkjabréfi Hrollaugsstaða gagnvart Ásgrímsstöðum, sem rakin er hér að framan, og segir að umrædd merki hafi verið hnitsett eins og geti í dómkröfu.

Stefnandi kveður að af bréfum stefnda vegna málsins megi greina ágreiningur í þrennt, þ.e.:

1. Hvar merki liggir um Jökullæk, þ.e. hvort merki liggir um miðjan farveg eða á bakkanum Hrollaugsstaðamegin.

2. Hvernig landamerkjum sé háttað við Ásgrímsstaðavatn, þ.e. hvort bein lína ráði merkjum eða vatnið með hefðbundnum hætti, með tilheyrandi réttindum.

3. Hvernig merki liggir um Merkidal og að Víðastaðavatni, sérstaklega sé ágreiningur um ætlað vörðustæði þar sem fyrst sjái, frá hlaðinu á Ásgrímsstöðum árið 1890, á ríðandi mann þegar innan kemur Bóndastaðaveg.

Merki um Jökullæk.

Stefnandi kveðst vísa til landamerkjabréfs Hrollaugsstaða þar sem vísað sé til þess að Jökullækur ráði í Álftarlækjarauga. Stefnandi byggir á því að landamerkjabréf Hrollaugsstaða sé nýjasta landamerkjabréf svæðis og gangi því framur fyrri skipan sé eitthvert ósamræmi þar á milli.

Orðalag bréfsins beri með sér að miðja farvegar Jökullækjar skipti löndum í samræmi við almenna skipan. Um þá skipan sé m.a. kveðið í 3. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Frávik frá meginreglu þyrftu að koma fram með óyggjandi orðalagi.

Sjónarmið stefnda um að Ásgrímsstöðum fylgi allur farvegur Jökullækjar að bakka Hrollaugsstaðamegin standist ekki. Ákvæði landamerkjabréfs Ásgrímsstaða frá 1890 vísa til þess að Ásgrímsstaðir eigi heyskap allan frá Markhólma í þúfu sem liggir mitt í læknum. Að því marki sem sú skipan hafi ekki þótt rétt árið 1922, sé sýnt að ákvæðið lýsi slægjuítaki Ásgrímsstaða í lækjarfarvegi en víki ekki frá meginreglum. Vísað sé til laga nr. 113/1952, um lausn ítaka af jörðum, og í öllu falli ljóst að ítakið sé fallið niður. Þá sé jafnframt vísað til þess að fyrrum réttur Ásgrímsstaða hafi náð til Jökullækjar á mótis við lönd Hólsjarða.

Merki við Ásgrímsstaðavatn – netlög.

Stefnandi kveður að í landamerkjabréfi Hrollaugsstaða sé því lýst að frá því að Jökullækur og Álfarlækur komi saman við svokallað Álfalækjarauga, ráði Álfalækur í Ásgrímsstaðavatn, en svo ráði vatnið að Kelduósi sem falli úr Merkidal. Staðsetning Kelduóss og upptaka Álfarlækjar sé ljós. Stefnandi vísi til þess að umrædd lýsing lýsi með hefðbundnum hætti að jörðin Hrollaugsstaðir eigi land að Ásgrímsstaðavatni milli þessara merkipunkta.

Til áréttingar og til að setja niður deilur með sem skýrustum hætti sé sett fram viðurkenningarkrafa um að Hrollaugsstöðum tilheyri netlög fyrir landi jarðarinnar við Ásgrímsstaðavatn. Þannig verði skýrt að eignarhald Hrollaugsstaða að Ásgrímsstaðavatni sé ekki með nokkrum hætti afbrigðilegt, sbr. sjónarmið stefnda. Til stuðnings kröfunni sé vísað til 4. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

Í landamerkjabréfi Ásgrímsstaða frá 1890 sé vísað til þess að Ásgrímsstaðir eigi land í rétta línu frá upptökum Álfalækjar úr Ásgrímsstaði [sic] í Sortukeldu. Slíkt ákvæði geti ekki vikið skýru orðalagi yngra landamerkjabréfs, sbr. almennar skýringarreglur. Þá þurfi ekki að vera um ósamrýmanlega lýsingu að ræða, enda geti vísun í rétta línu verið tilvísun í þáverandi viðhorf um hvað teldist rétt lína á afmörkun veiðiréttar og annars réttar jarðarinnar út í vatnið. Stefndi vísi þessu sjónarmiði til stuðnings í öll önnur gögn um landamerki milli jarðanna sem styðja kröfu stefnanda.

Legu landamerkja á annan veg en greinir í Hrollaugsstaðabréfi teldist afar óvenjuleg og ríka sönnunarbyrði þurfi að leggja á þann sem haldi slíkum merkjum fram. Þá sé hún andstæð meginreglum um landamerki að vötnum, sbr. ákvæði vatnalaga nr. 15/1923, sbr. einkum 4. gr. laganna.

Merki um Merkidal og að Viðastaðavatni.

Stefnandi kveðst vísa til landamerkjabréfs Hrollaugsstaða frá 1922 að baki dómkröfu, en ljóst sé að ágreiningur sé uppi um legu tiltekinna kennileita og áhrif breytinga á staðháttum.

Að áliti stefnanda feli landamerkjalyásing bréfsins og landamerkjabréfs Ásgrímsstaða frá 1890 og landamerkjalyásingar í byggingarbréfum fyrir Hrollaugsstaði, dags. 6. júní 1912 og 6. júní 1915 í sér lýsingu á sömu landamerkjum. Landamerkjalyásingarnar séu samrýmanlegar og verði þær notaðar til að greina rétta legu landamerkja í ljósi breyttra staðháttanna.

Landamerkjabréf Ásgrímsstaða frá 1890 lýsi merkjum svo:

„[...] eptir miðjum Merkidal og svo langt fram þar til fyrst sést maður á hesti af Ásgrímsstaðahlaði, þá framan kemur Bóndastaðaveg, og svo réttlínis norður yfir í Vatnalækjarós hinn ytri [...]“

Byggingarbréfin frá 1912 og 1915 lýsi vörðu, enda séu líkur á því að hún hafi verið hlaðin í samræmi við ákvæði landamerkjalaga frá 17. mars 1882, og þá hjá viðmiðunarpunkti við reiðveginn. Bréf Hrollaugsstaða frá 1922 vísi til vörðunnar en tilgreini forsendur fyrir staðsetningu hennar innan sviga. Téd varða sé nú ekki bersýnileg og líklega horfin, en stefnandi byggir ætlaða staðsetningu hennar

á eftirfarandi sjónarmiðum.

Varðan hafi verið reist sem landamerkjavarða og þar af leiðandi verið reist við reiðveginn. Við áætlun um legu vörðunnar verði að taka tillit til breyttra staðhátta um það hvar mögulega hafi verið hægt að sjá fyrst reiðmann á Bóndastaðavegi.

- Vegurinn hafi verið reiðvegur og því niðurgrafinn vegna troðnings.
- Síðari tíma vegagerð hafi breytt aðstæðum á svæðinu og byggt á því að hækka vegi upp úr landslagi.
- Bæjarhlað Ásgrímsstaðarbæjarins hafi legið annars staðar og neðar í landinu árið 1890 en nú, vegna færslu bæjarins, jarðvegsþykknunar og íburðar efnis við bæjarhlöð.
- Hæsta holtið í sjónlínu milli Ásgrímsstaða og reiðvegjar hafi verið nýtt til malarnáms í tengslum við vegagerð 1986.

Stefnandi kveður sjónarmið stefnda ekki standast enda hvíli þau á því að ætlað vörðustæði hafi verið ákveðið án tillits til framangreinds og nærri jarðýtuslóð sem leyst hafi reiðveginn af hólmi um 1945, sbr. merkingu á loftmynd frá árinu 1993.

Í ljósi þessa kveðst stefnandi byggja á því að vörðustæðið hafi verið við reiðveginn innarlega á holtinu þar sem malarnám hafi farið fram, þar sem sjónlína yfir há-holtið hafi náðst á reiðmann í niðurgrofnunum reiðveginum.

- Sjónarmið stefnanda samræmist landamerkjalýsingum og eðlilegri örnefnanotkun; að land Ásgrímsstaða nái ekki langt upp úr Merkidal, í samræmi við landfræðilega legu dalsins.
- Ásgrímsstaðir eigi ekki land upp á flötu mýrina ofan Merkidals þar sem varla sé vatnshalli til Merkidals og ekkert lækjardrag hafi verið. Stefndi hafi nú grafið skurð langt inn í mýrina og spillt kennileitum og verði hann að bera allan halla um sönnun um legu Merkidals.
- Þá sé vísað til túnræktar og girðingar, líklega frá því um 1970, sem falli að framangreindum merkjum og sjáist glögglega á loftmyndum.
- Ætluð staðsetning vörðunnar fái einnig stuðning við merki jarðanna við Víðastaðavatn.

Þá byggji stefnandi á því að kennileitið Vatnalækjarós hinn ytri, sé við hnit 29 569577,4801 - 717350,7558. Lækur sem nú renni í Víðastaðavatn renni annars staðar í vatnið, en vísun í Vatnalækjarós hinn ytri feli í sér að rennsli í vatnið hafi breyst í mýrinni eða lækjarsytra runnið í vatnið þarna. Tilvísun í Vatnalækjarós ytri væri annars merkingarlaus.

Þá vísi stefnandi til þeirra landfræðilegu aðstæðna við Víðastaðavatnið að það sé í raun klofið, þar sem þurrlendur ás gangi út vatnið en tveir mýrlendir

vatnsendar sitt hvoru megin sem skili af sér vatni. Eðli máls samkvæmt hafi aðstæður í mýrinni breyst, s.s. vatnsrennsli, framburður og gróður, þótt nú sé ekki eiginlegur lækjarós þar. Aðstæður þessar fá einnig stuðning í umfjöllun bókarinnar Sveitir og jarðir í Múlasýslum, bls. 273 [sic], um landamerki Hrollaugsstaða. Þar sé vísað til landamerkja Hrollaugsstaða og Ásgrímsstaða í syðri vatnsfæti Víðastaðavatns, sem vísi til tveggja vatnsfóta og málvenju um áttir, sbr. t.d. landamerkjabréf Hrollaugsstaða.

Þá vísi stefnandi til landamerkjalyásingar í byggingarbréfum Hrollaugsstaða frá 1912 og 1915, en þar sé lýst sömu merkjum um Merkidal og línu um landamerkjavörðu á Hrollaugsstaðahálsi. Framhaldi þeirrar viðmiðunarlínu sé þá lýst svo:

„[...] þaðan beint í Víðastaðavatn, svo ræður Víðastaðavatn að Lækjarós [...]"

Lýsingin feli í sér að Hrollaugsstaðir eigi land að Víðastaðavatni, og þá í Lækjarós hinn ytri, sbr. eðlilega samræmisskýringu landamerkjagagna.

Þá sé að öðru leyti vísað til almennra skýringarsjónarmiða og gagna um landamerki. Engin gögn vísi til þess að lönd Víðastaða og Ásgrímsstaða liggja saman við fremri hluta Víðastaðavatns. Þá sé vísað til staðháttanna og þeirrar fornu venju um landmerki að jarðir eigi land að vötnum.

Þá sé vísað til þess að dómkröfur stefnenda muni setja niður ágreining um landamerki í samræmi við meginreglur laga um landamerki um skýrleika legu landamerkja.

Um vara- og þrautavarakröfur sínar kveðst stefnandi vísa til málsástæðna fyrir aðalkröfu.

Fyrsta varakrafan byggir á því að ætlað vörðustæði, þar sem fyrst hafi mátt sjá reiðmann af hlaðinu á Ásgrímsstöðum 1890, sé nokkru framar og þá þannig að lína í Víðastaðavatn liggja þvert á stefnu um miðjan Merkidal. Sú lína liggja þá beint í stefnuna austur – vestur. Línan taki mið af staðháttum þannig að landamerkin liggja ekki inn fyrir Merkidal samkvæmt landfræðilegum aðstæðum, enda engar heimildir um að Ásgrímsstaðir eigi land upp fyrir dalinn og inn á slétta mýri þar sem ekki sé vatnshalli og engin drög að Merkidalsslæknum.

Um aðra varakröfu sína vísi stefnandi jafnframt til málsástæðna fyrir aðalkröfu. Byggt sé á því að staðsetning ætlaðrar vörðu, sbr. viðmið um sjónlínu og staðháttabreytingar, geti ekki legið framar. Þá verði með tilliti til gagna og staðháttanna ekki byggt á því að land Ásgrímsstaða geti legið lengra inn á mýrina innan við Merkidal.

Stefnandi kveður þriðju varakröfu sína, sem sett var fram í kjölfar vettvangsgöngu, rúmast innan fyrri kröfugerðar sinnar. Kveður hann kröfuna hvíla á sjónarmiðum sem komi fram í málsástæðum í stefnu og byggja á þeim stað þar sem fyrst sjáist maður á hesti af Ásgrímsstaðahlaði, samkvæmt prófunum á vettvangi með um 2,3 metra háar súlur. Nánar tiltekið hafi hnit verið tekið á veginum að Hrollaugsstöðum á milli tveggja súlna, þar sem önnur hafi verið

sýnileg og staðsett í líklegri hæð reiðvegjar neðan vegar en hin ekki sýnileg og staðsett í líklegri hæð reiðvegjar. Byggt sé á aðstæðum eins og þær séu nú, það er miðað við það hvernig reiðvegurinn frá 19. öld sé merkjanlegur, síðari tíma vegagerð á svæðinu, jarðrask í sjónlínu og hæð hlaðsins á Ásgrímsstöðum árið 2012.

Um lagarök er af hálfu stefnanda vísað til laga nr. 41/1919, um landamerki o.fl., t.d. 4. og 5. gr. laganna, vatnalaga nr. 15/1923, einkum 4. og 5. gr. laganna og laga nr. 113/1952, um lausn ítaka af jörðum. Um málskostnaðarkröfu er vísað til 130. gr. laga nr. 91/1991 og um varnarþing til 34. gr. sömu laga.

III

Stefndi kveðst mótmæla öllum málsástæðum stefnanda og telja þær landamerkjalinur sem leiði af dómkröfum stefnanda í ósamræmi við þinglýst gögn um landamerki milli Hrollaugstaða og Ásgrímsstaði. Jafnframt sé staðsetningu einstakra örnefna mótmælt sem röngum. Þá mótmæli stefndi kröfu stefnanda um honum verði dæmd netlög fyrir Ásgrímsstaðavatni.

Stefndi hafi fært landamerki Hrollaugstaða og Ásgrímsstaða inn á hnitasettan uppdrátt, eins og hann telji þau réttust og leiða af þinglýstum landamerkjabréfum jarðanna. Er í greinargerð stefnda vikið nánar að málsástæðum stefnda og mótmælum við kröfugerð stefnanda með eftirgreindum hætti.

1. Landamerki við Jökullæk frá Markhól að Álftarauga.

Stefndi kveðst mótmæla með öllu að landamerki Ásgrímsstaða og Hrollaugstaða skuli vera í miðjum farvegi Jökullækjar frá Markhólma að Álftarauga. Stefndi vísi í fyrsta lagi til landamerkjabréfs Ásgrímsstaða frá 14. júní 1890 en þar sé dregin lína úr Markhólma, sem sé í miðjum Jökullæknum, og þaðan þvert yfir lækinn. Þá sé tekið fram að Ásgrímsstaðir eigi heyskap þar allan allt fram í þúfu þá, sem liggja mitt í læknum, út úr hagaodda austarlega. Ef ætlunin hefði verið að láta Jökullækinn miðjan ráða merkjum hefði það einfaldlega verið tekið fram í textanum og línan því ekki dregin þvert yfir lækinn. Það hafi hins vegar ekki verið gert og séu dómkröfur stefnanda því í andstöðu við fyrirliggjandi landamerkjabréf.

Stefndi byggi í öðru lagi á því að landamerkjabréf Hrollaugstaða frá 19. júlí 1922 sé jafnframt til staðfestingar á því að merki jarðarinnar gagnvart Ásgrímsstöðum liggja ekki í miðjum farvegi Jökullækjar. Í umræddu bréfi séu merki Hrollaugstaða gagnvart Hólsbæjum dregin úr svonefndum Beinhól og þaðan beina stefnu í Markhól við Jökullæk. Í þessari lýsingu veki það sérstaka athygli að merkin séu ekki dregin í Markhólma eða í miðjan Jökullæk. Þess í stað séu merkin dregin í Markhól en hann sé á austurbakka Jökullækjar. Að mati stefnda taki þetta af öll tvímæli um að Hrollaugstaðir eigi ekki merki út í miðjan farveg Jökullækjar.

Í þriðja lagi byggi stefndi á örnefnalýsingu Hrollaugstaða en skráin hafi verið gerð á grundvelli heimilda frá Gróu Kristinsdóttur, móður stefnanda. Í örnefnaskránni segi að landamerki Hrollaugstaða að utan séu „nálægt Jökullæk“.

Samkvæmt þessu séu merkin ekki í Jökullæk heldur nálægt honum, sbr. einnig fyrirbyggjandi landamerkjabréf. Gróa hafi verið fædd 1918 á Hrollaugsstöðum og eðli málsins samkvæmt hafi hún þekkt vel til landamerkja jarðarinnar. Það sé því ljóst að dómkrafa stefnanda sé í andstöðu við örnefnaskrá Hrollaugsstæða.

Í fjórða lagi vísi stefndi til þess að eignarhald stefnda á Jökullæknum, sunnan Markhólma, sé í samræmi við þá skipan sem tíðkast hafi á þessu svæði. Óumdeilt sé að merki milli Hólsbæja og Ásgrímsstæða hafi verið á vestari bakka Jökullækjar. Þannig segi í landamerkjabréfi Hóls og Hólshjáleigu frá 23. maí 1890 að merkin gagnvart Ásgrímstöðum séu úr miðjum aurskjafti eftir miðjum aur allt í Bakkatættur, „þaðan eptir vestari bakka Jökullækjar allt í Markhólma” Af þessu sjáist glögglega að norðan Markhólma hafi merki Ásgrímsstæða einungis náð að vestari bakka Jökullækjar en sunnan Markhólma hafi merki Ásgrímstæða náð yfir lækinn sbr. t.d. þá staðreynd að Markhóll sé á eystri bakka lækjarins.

Í fimmta lagi byggji stefndi á því að ofangreind tilhögun landamerkja sé á engan hátt í andstöðu við 3. gr. vatnalaga nr. 15/1923, þar sem fram komi að þegar ár eða lækjir skilji að landareignir skuli miður farvegur ráða nema önnur lögmæt skipan sé þar á gerð. Með öðrum orðum sé hér um undanþæga reglu að ræða sem landeigendum á hverjum tíma sé heimilt að víkja frá. Í því tilvikum sem hér sé til umfjöllunar beri heimildir með sér að landeigendur hafi árið 1890 ákveðið að láta ekki miðjan farveg ráða merkjum en í stað þess ákveðið að Ásgrímsstæðir ættu Jökullækinn frá Markhólma fram í þúfu út úr Hagaodda. Á þessu hafi ekki verið gerð breyting við gerð landamerkjabréfs Hrollaugstæða 1922 en sérstök athygli sé vakin á því að bæði bréfin hafi verið gerð fyrir gildistöku vatnalaga árið 1923.

Í sjötta lagi mótmæli stefndi því harðlega að orðalag landamerkjabréfs Ásgrímsstæða bendi til þess að verið sé að lýsa ítaksréttindum jarðarinnar í landi Hrollaugstæða. Til að um sé að ræða ítaksréttindi verði að vera óumdeilt að nýting fari fram innan merkja annarrar jarðar. Hér sé aðstaðan önnur og sé texti landamerkjabréfsins, sem fjalli um landið austan hins miðja farvegar, óaðskiljanlegur hluti merkjalýsingar bréfsins. Stefndi byggji á því að ef ætlunin hefði verið að mæla fyrir um ítaksréttindi Ásgrímsstæða inn í miðri merkjalýsingu landamerkjabréfsins hefði þurft að taka það fram með skýrum hætti. Svo hafi ekki verið gert og því engin efni til að fallast á þá málsástæðu stefnanda að um sé að ræða ítaksréttindi sem fallin séu niður.

Í áttunda lagi vísi stefndi til þess að framangreint land hafi á sínum tíma verið nýtt frá Ásgrímstöðum eða í skjóli eignarhalds þeirrar jarðar.

Í níunda lagi mótmæli stefndi mælingum á hnitum einstakra örnefna. Sem dæmi sé hnitsetningu örnefnisins Markhólma mótmælt sem rangri en að mati stefnda sé punkturinn settur niður meira en 17 metrum frá réttum stað.

2. Landamerki úr Álftarauga í Ásgrímsstæðavatn.

Stefndi geri ekki veigamiklar athugasemdir við dómkröfu stefnanda að því leyti sem hún taki til landamerkja frá Álftarauga í Ásgrímsstæðavatn. Fyrirvari sé þó gerður um nákvæmi hnitsetningar stefnanda en hún sé að nokkru leyti í ósamræmi við þá hnitsetningu sem stefndi hafi látið framkvæmda.

3. Landamerki við Ásgrímsstaðavatn frá Álftalækjarós að Sortukeldu.

Stefndi byggi á því að merki Hrollaugsstaða við Ásgrímsstaðavatn séu í beinni línu frá Álftalækjarósi að Sortukeldu (Kelduósi). Stefndi telji þannig að landamerki jarðarinnar fylgi ekki bökkum vatnsins milli Álftalækjaróss og Sortukeldu. Leiði þessi niðurstaða af skýru orðalagi í landamerkjabréfi Ásgrímsstaða en þar segi að frá Álftalækjarósi skuli draga rétta línu í Sortukeldu. Byggt sé á því að samkvæmt almennum málskilningi sé merking réttar línu sú sama og beinnar línu. Við þetta bætist að lína geti eðli málsins samkvæmt aldrei verið annað en bein. Hvað sem öðru líði sé þannig ljóst að landamerkjabréf Ásgrímsstaða kveði á um að merkin séu í beinni línu og fylgi þar af leiðandi ekki bökkum vatnsins.

Í landamerkjabréfi Hrollaugsstaða segi um merkin við Ásgrímsstaðavatn að þau séu þar sem Álftalækur falli úr vatninu og ráði svo vatnið að Kelduósi (Sortukeldu). Byggi stefndi á því að ef í landamerkjabréfi Hrollaugsstaða hefði átt að gera breytingu á þeim skýru merkjum sem fram komi í bréfi Ásgrímsstaða hefði þurft að gera það með ótvíræðum hætti. Að mati stefnda hafi það ekki verið gert og verði því að túlka landamerkjabréf Hrollaugstaða með hliðsjón af landamerkjabréfi Ásgrímsstaða.

Leggi dómurinn til grundvallar að landamerkjabréf Hrollaugsstaða sé að þessu leyti ósamræmanlegt landamerkjabréfi Ásgrímsstaða sé byggt á því að síðarnefnda landamerkjabréfið skuli ganga framar. Vísi stefndi til þess að landamerkjabréf Hrollaugsstaða sé afar ófullkomið að formi og af þeirri ástæðu sé sönnunargildi þess lítið. Skipti þar mestu að landamerkjabréfið sé hvorki áritað um samþykki af eigendum Ásgrímsstaða né eigendum Hrollaugsstaða. Byggt sé á því að áritun leiguliða umræddra jarða geti aldrei komið í stað áritunar jarðeigenda. Sé gríðarlegur munur á landamerkjabréfunum að þessu leyti en allir hlutaðeigandi undirriti landamerkjabréf Ásgrímsstaða, jafnt jarðeigendur sem ábúendur.

Stefndi byggi á því að þar sem landamerki Hrollaugstaða séu ákveðin sem bein lína milli tiltekinna punkta þá fylgi jörðinni ekki netlög í Ásgrímsstaðavatni. Umrædd merkjalína hafi verið sett niður árið 1890 eða 33 árum fyrir gildistöku vatnalaga nr. 15/1923. Eigi jörðin Hrollaugsstaðir því engin réttindi vestan umræddrar línu sem sett hafi verið niður árið 1890. Réttindi sem fylgi jörðinni Ásgrímsstöðum verði því ekki af henni tekin nema skilyrðum eignarnáms sé fullnægt. Veidiréttur stefnanda í Ásgrímsstaðavatni sé því bundinn við bakkann frá fremra Vatnsholti og að Sortukeldu, þ.e. austan línunnar frá Sortukeldu að Álftalækjarósi.

Stefndi kveðst mótmæla þeim hnitum sem gefin séu upp fyrir Álftalækjarós og Sortukeldu.

4. Landamerki frá Sortukeldu að Vatnslækjarós ytri.

Í landamerkjabréfi Ásgrímsstaða frá 1890 segi að merkin við Ásgrímsstaðavatn séu frá Sortukeldu fram eftir miðjum Merkidal og svo langt fram þar til fyrst sjáist maður á hesti af Ásgrímsstaðahlaði, þá framan komi Bóndastaðaveg og svo réttlínis norður yfir í Vatnalækjarós hinn ytri. Í landamerkjabréfi Hrollaugsstaða frá 1922 sé merkjum lýst með svipuðum hætti en

þar segi að merkin séu frá Kelduósi „eftir miðjum Merkidal í vörðu utan á Hálsinum (eða þar sem fyrst sést maður á hesti af Ásgrímsstaðahlaði þegar innan kemur Bóndastaðaveg) svo réttlínis norður í Vatnalækjarós hinn ytri.“ Hér skuli áréttuð sú málvenja á þessum slóðum að þegar talað sé um norður sé í raun átt við norðvestur.

Landamerkjabréf Ásgrímsstaða og Hrollaugstaða séu um flest samhljóða að því er varði merkin frá Sortukeldu að Vatnslækjarósi hinum ytri. Það sem helst skilji þó á milli sé að í landamerkjabréfi Hrollaugstaða sé greint frá vörðu sem eigi að hafa verið á sama stað og fyrst sjáist maður á hesti af Ásgrímsstaðahlaði. Stefndi hafi lengi spurst fyrir um umrædda vörðu, m.a. á sínum tíma hjá föður sínum og móður stefnanda. Ekki hafi þau kannast við vörðuna. Umræddir aðilar hafi helst talið að staðið hafi til að setja upp vörðuna en að það hafi aldrei komist til framkvæmda.

Stefndi kveður að ágreiningur sé með aðilum um það hvar fyrst sjáist á ríðandi mann á hesti frá Ásgrímsstaðahlaði þá fram komi Bóndastaðaveg. Stefndi byggji á því að hér sé um að ræða þann stað þar sem fyrst sjáist maður á hesti af hlaðinu og hann sé jafnframt í beinni línu við Vatnalækjarós ytri og punkt í miðjum Merkidal. Svo vilji til að sá punktur sé einmitt í jaðrinum á hinu svokallaða Merkikeri við enda dalsins. Til að ná fram hinni beinu línu sé nauðsynlegt að ná þremur punktum þ.e. punktinum í Merkikeri, punktinum þar sem fyrst sjáist maður á hesti og svo punktinum í Vatnslækjarósi ytri. Minnt sé á að í vettvangsferðinni 19. júlí 1993 hafi viðstaddir aðilar verið sammála um staðsetningu Vatnalækjaróss ytri, miðs Merkidals og þess staðar sem fyrst sjáist ríðandi maður á Bóndastaðavegi. Hafi umræddir staðir í kjölfarið verið merktir og tekin loftmynd.

Stefndi vilji að öðru leyti ítreka mótmæli sín við þeirri landamerkjalinu sem felist í dómkröfum stefnanda frá Sortukeldu og Víðastaðavatni.

Í fyrsta lagi sé staðsetningu Vatnalækjaróss ytri mótmælt en um staðsetningu hans hafi aldrei staðið ágreiningur fyrr en nú. Stefndi byggji á því að Vatnalækjarós ytri liggji syðst í Víðastaðavatni ytra og Vatnalækjarós innri liggji nyrst í Víðastaðavatni innra. Stefndi staðhæfi að frá 1890 hafi aldrei runnið annar Vatnalækur en sá sem nú renni milli Víðastaðavatns fremra og Víðastaðavatns ytra. Útilokað sé annað en að ummerki um lækinn sæjust í landslaginu hafi annar lækur runnið á milli vatnanna.

Í öðru lagi vilji stefndi benda á að hvergi í landamerkjabréfi Hrollaugstaða komi það fram að merki jarðarinnar liggji um Víðastaðavatn ytra. Þá hafi það enga þýðingu í þessu máli þótt í byggingarbréfum Hrollaugstaða frá 1912 og 1915 komi fram að Víðastaðavatn ráði mörkum. Umrædd byggingarbréf séu einhliða gerningar sem eigendur aðliggjandi jarða hafi enga aðkomu haft að. Jafnframt skipti máli í þessu sambandi að umrædd byggingarbréf hafi verið gerð áður en hið ósamhljóða landamerkjabréf Hrollaugstaða var gert árið 1922. Af þessum ástæðum sé sönnunargildi byggingarbréfa afar lítið ef þá nokkuð.

Í þriðja lagi vilji stefndi benda á að frá þeim stað sem stefnandi haldi fram að sé Vatnalækjarós ytri séu einungis tæpir 572 metrar yfir í miðjan Merkidal. Stefndi byggji á því að sú fjarlægð sé í ósamræmi við umfjöllun um merki Hrollaugstaða í byggðasögunni Sveitir og Jarðir í Múlaþingi. Þar segi að

vesturmörk jarðarinnar liggi um blána norður í syðri vatnsfótinn og þaðan þvert austur tæpan kílómetra. Þessi lýsing fáið hins vegar samræmst þeirri landamerkjalinu sem stefndi telji hina réttu línu. Þar sé fjarlægðin frá miðjum Merkidal og yfir í Vatnalækjarós ytri (í syðri vatnsfætinum) 798,5 metrar, byggt á mælingum Loftmynda ehf. Stefndi vilji jafnframt vekja athygli á ósamræmi á landamerkjálýsingum Hrollaugstaða og Víðastaða.

Í fjórða lagi vilji stefndi ítreka að landmerkjalína stefnanda úr Sortukeldu að Víðastaðavatni gangi á engan hátt upp. Landamerkjalinunni virðist tilviljunarkennt beygt úr Merkidal og vestur í Víðastaðavatn. Þá sé stefnandi með getgátur um staðsetningu tiltekinnar vörðu og byggi á að hún hafi verið staðsett nærri þeim stað þar sem fram hafi farið malarnám árið 1986. Stefndi hafi þó ekki reynt að staðsetja umræddan punkt með nákvæmum hætti en full ástæða hefði verið til þess þar sem dómkrafa stefnanda grundvallist m.a. á þessum punkti. Það sem hins vegar útiloki að hægt sé að taka dómkröfu stefnanda til greina að þessu leyti sé sú staðreynd að umræddur staður sé fjarri því að vera þar sem fyrst sjáist maður ríðandi á hesti frá hlaðinu á Ásgrímsstöðum. Sá staður þar sem fyrst sjáist ríðandi maður sé allt að einu mun sunnar á Bóndastaðavegi. Komi þetta berlega í ljós ef gengið sé á vettvang.

Stefndi byggi á því að gatan sem liggi um Bóndastaðaveg hafi frá árinu 1890 gengið mikið niður, en skepnur hafi gengið um reiðgötturnar allt fram til 1960. Leiði þetta til þess að í dag sjáist hinn ríðandi maður ekki jafn vel frá hlaðinu og árið 1890. Jafnframt skyggi jarðýtuslóðin frá 1955 á sjónlínuna frá Ásgrímsstaðahlaði. Stefndi vilji sérstaklega mótmæla þeirri fullyrðingu stefnanda að hlaðið á Ásgrímsstöðum standi í dag hærra en árið 1890. Þá vilji stefndi einnig vekja athygli á að þegar gamla baðstofan á Ásgrímsstöðum hafi verið rifin árið 1937, þá hafi hið nýja hús verið byggt á sama stað. Aðstaður hafi því ekkert breyst að þessu leyti. Jafnframt vilji stefndi mótmæla umfjöllun stefnda um vegagerð á svæðinu í gegnum tíðina.

Loks vilji stefndi vekja athygli á þeim punkti sem hann telji vera þann stað þar sem fyrst sjáist á ríðandi mann frá Ásgrímsstaðahlaði, punkti nr. 155 á dskj. 38 (A:717798 N:569327). Á þessum stað breytist aðstaður. Gatan verði lárétt og hætti að halla til suðurs og fari að halla til norðurs þannig að skyndilega sjáist í hinn ríðandi mann. Að því er varði punkt 153 í Merkikeri í Merkidal (A:717913 N:569282) þá sé hann án alls vafa hluti Merkidals enda séu hæðir báðum megin við þann stað.

Stefndi kveðst mótmæla þeim hnitum sem stefnandi gefi upp vegna þeirra punkta sem krafa hans grundvallast á.

5. Almenn

Stefndi kveðst að öðru leyti mótmæla öllum þeim málsástæðum sem stefnandi hafi sett fram til stuðnings kröfu sinni. Nái þau mótmæli jafnt til aðalkröfu, varakröfu og þrautavarakröfu stefnanda. Sérstaklega sé mótmælt að til staðar sé regla um að yngri landamerkjabréf gangi ávallt framur eldri landamerkjabréfum.

Stefndi hafi lagt fram á dskj. 38 hnitsetta loftmynd sem hann byggi á að sýni hin réttu landamerki Ásgrímsstaða gagnvart Hrollaugsstöðum.

Um lagarök kveðst stefndi vísa til landamerkjalaga nr. 5/1882 og laga nr. 41/1919, um landamerki o.fl. Um málskostnað sé vísað til XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

IV

Ágreiningi aðila um landamerki jarðanna Hrollaugsstaða og Ásgrímsstaða má skipta í nokkur svæði og verður vikið að hverju þeirra í þeirri röð sem þau koma fyrir í dómkröfu stefnanda. Áður en að því kemur er rétt að víkja að ágreiningi aðila um réttmæti hnitsetningar stefnanda.

Í stefnu greinir að stefnandi hafi hnitsett landamerkjalinu samkvæmt dómkröfu í Isnet hnitakerfi. Engin gögn hafa verið færð fram af hálfu stefnanda né hafa vitni borið um það hvernig sú hnitsetning sem dómkrafa hans byggir á var framkvæmd. Við vettvangsgöngu sem fram fór við aðalmeðferð málsins var þó viðstaddur fyrir tilhlutan stefnanda skógræktarráðunautur hjá Skógrækt ríkisins sem stefnandi upplýsti að hafi annast hnitsetningu þá sem greinir í dómkröfukafla stefnunnar og sem annaðist á staðnum hnitsetningu vegna þriðju varakröfu stefnanda. Stefndi mótmælir hnitsetningu stefnanda og byggir á því að hnitsetning sem hann hafi sjálfur látið framkvæma og sett er fram á loftmyndum á dskj. 38-42, sýni hin réttu landamerki jarðanna.

Athugasemdir stefnda við hnitsetningu stefnanda byggjast, eins og áður sagði, á því að hún samræmist ekki hnitsetningu sem stefndi hafi látið framkvæma. Stefndi hefur engin gögn eða rök fært fram til stuðnings því að hnitsetning hans sé nákvæmari eða réttmætari en hnitsetning stefnanda. Ljóst er af málatilbúnaði stefnda að hnitsetningu hans er einungis að hluta til ætlað að taka til sömu línu og þeirrar sem stefnandi heldur fram, enda byggist málatilbúnaður hans á fleiri röksemdum en þeim sem lúta að nákvæmni hnitsetningar, t.d. á því að bakki farvegar Jökullækjar ráði merkjum en ekki miðlína. Af samanburði á fyrirliggjandi loftmyndum, þar sem inn á hafa verið dregnar línur og punktar út frá hnitum aðila, t.d. dskj. nr. 12, 38 og 50, verður ekki ráðið að um neina verulega skekkju geti verið að ræða í hnitsetningu stefnanda. Í þeim tilvikum þar sem stefndi hefur ekki fært fram nein gögn eða röksemdir sem varpa rýrð á nákvæmni einstakra hnitsetninga stefnanda og hnitsetning stefnda sjálfs byggir á öðrum röksemdum, þykir ekki varhugavert að leggja til grundvallar að hnitsetningar í dómkröfu stefnanda séu nægilega nákvæmar og réttmætar til þess að unnt sé að taka þær til greina, sé á annað borð fallist á málatilbúnað hans fyrir einstökum hlutum kröfulínunnar. Að ágreiningi um einstakar hnitsetningar verður þó vikið síðar.

Verður þá vikið að ágreiningi aðila um landamerki á svæði sem hefst „eftir að landamerkjalinu milli Hrollaugsstaða og Sands sker Jökullæk“. Við munnlegan flutning málsins féll lögmaður stefnda frá sérstökum mótmælum sem höfð eru uppi í greinargerð við að hnit nr. 1 í dómkröfu stefnanda lýsi staðsetningu Markhólma, enda hafði lögmaður stefnanda í málflutningsræðu sinni tekið af allan vafa um að

hnitinu sé ekki ætlað að lýsa staðsetningu hólman heldur miðjum farvegi Jökullækjar rétt innan hans.

Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði að landamerkjalinan liggir „eftir farvegi Jökullækjar“ um tilgreind hnit, tölusett nr. 1 til og með 13, uns kemur „í Álftalækjarauga“, hnit nr. 14. Á þessu svæði snýst ágreiningur aðila um það í raun hvort miðlína farvegar Jökullækjar ráði merkjum, eins og stefnandi heldur fram, eða hvort farvegurinn allur tilheyri Ásgrímsstöðum og merkin liggir eftir eystri bakka farvegar Jökullækjar, líkt og stefndi heldur fram. Málalátbúnaður stefnanda, eins og hann var nánar skýrður við munnlegan málflutning, byggist á því að landamerkjabréf Hrollaugsstaða frá 1921 og byggingarbréf frá 1912 og 1915 lýsi merkjunum rétt og í samræmi við landamerkjabréf fyrir Ásgrímsstaði frá árinu 1890, en í síðastnefndu bréfi sé auk þess að finna lýsingu á ítaksréttindum Ásgrímsstaða í farvegi Jökullækjar, sem fallin séu niður með vísan til laga nr. 113/1952, um lausn ítaka af jörðum. Verði landamerkjabréfin fyrir Ásgrímsstaði og Hrollaugsstaði ekki talin samrýmanleg sé byggt á því að yngra bréfið gangi fyrir hinu eldra.

Með 3. gr. vatnalaga nr. 15/1923 var lögfest sú réttarregla, sem lengi hefur gilt í íslenskum rétti, að upphafleg miðlína farvegar ráði merkjum í straumvatni sem skilur lönd manna. Sú regla er þó undanþæg, enda kveðið á í 3. gr. laganna að hún gildi „nema önnur lögmæt skipun sé þar á gerð“. Stefndi byggir á því að með landamerkjabréfi fyrir Ásgrímsstaði frá 1890 hafi með skýrum hætti verið kveðið á um aðra lögmæta skipan. Fyrir þeirri staðhæfingu hlýtur stefndi þó að bera sönnunarbyrði.

Enda þótt fallast megi á það með stefnda að óheppilegt sé að lýsa ítaksréttindum í miðri landamerkjalyksingu landamerkjabréfs, verður ekki fram hjá því litið að í landamerkjabréfi Ásgrímsstaða frá 1890 er beinlínis vísað til þess að „þvert yfir lækinn“ á þessu svæði eigi Ásgrímsstaðir „heyskap allan“. Bendir það orðalag óneitanlega til þess að þarna sé rætt takmörkuð eignarréttindi eða ítak, en ekki bein og ótakmörkuð eignarréttindi.

Í landamerkjabréfi Hrollaugsstaða frá 1921 er merkjum „að utan“, þ.e. gagnvart jörðinni Sandi (áður hluta Hóls og Hólshjáleigna), lýst svo að þau liggja „í Beinhól og bein stefna í Markhól við Jökullæk“ en merkjum sem snúa að Ásgrímsstöðum er í beinu framhaldi lýst svo að „þaðan ræður Jökullækur í Álftalækjarauga og Álftalækur í Ásgrímsstaðavatn“, án nánari tilgreiningar á því hvernig merkin liggja um farveg Jökullækjar og Álftalækjar. Við túlkun á lýsingu þessa bréfs er óhjákvæmilegt að horfa til þeirrar fornu meginreglu sem áður var lýst, sbr. nú 3. gr. vatnalaga.

Ljóst er af landamerkjabréfi Ásgrímsstaða frá 1890 að landamerkin framan og aftan við umdeilt svæði miðast við miðjan farveg Jökullækjar, þ.e. Markhólma sem óumdeilt er að liggur í miðjum farveginum og „þúfu þá, sem liggur mitt í læknum, út úr hagaodda austarlega“. Samræmist þetta einnig lýsingu í landamerkjabréfi fyrir Hól og Hólshjáleigur frá 1890, þar sem landamerki milli Hóls og Ásgrímsstaða eru sögð liggja „eptir vestari bakka Jökullækjar allt í Markhólma“. Í ljósi þessa verður ekki fallist á það með stefnda að það styðji málsstað hans, fremur en stefnanda, að merki milli Hrollaugsstaða og Sands (áður Hóls og Hólshjáleigna) miðist við Markhól á eystri bakka farvegarins, gegnt

Markhólma. Þvert á móti þykir sú staðreynd að merki milli Ásgrímsstaða og Hóls eru ekki dregin frá vestari bakkanum þvert yfir farveginn í Markhól, heldur einungis í miðjan farveginn í Markhólma, styðja staðhæfingar stefnanda um að lýsing í landamerkjabréfi Hrollaugsstæða frá 1921 samræmist í raun lýsingu merkja í hinu eldra bréfi Ásgrímsstaða þegar litið er til þess að í síðarnefndu bréfi sé að auki lýst ítaksréttindum, eins og fyrr var rakið. Ekkert liggur fyrir um að ágreiningur hafi verið um landamerki jarðanna þegar landamerkjabréf þeirra voru gerð og raunar ekki fyrr en hin síðustu ár. Lýsingar bréfanna á merkjum jarðanna eru mjög áþekkar, þótt þær séu ekki eins. Landamerkjabréf Hrollaugsstæða er undirritað af ábúendum beggja jarða og ekkert sérstakt er komið fram í málinu sem rýrir sönnunargildi þess um merki jarðanna, þótt ljóst sé að ábúendur hefðu ekki getað afsalað eignarrétti eigenda þeirra ef til hefði staðið að gera breytingar á merkjum.

Samkvæmt framanrituðu verður að fallast á það með stefnanda að framlögð gögn styðji staðhæfingar hans um að landamerkjalinna milli Ásgrímsstaða og Hrollaugsstæða á framangreindu svæði liggi eftir miðjum farvegi Jökullækjar, um hnit stefnanda nr. 1 til 13, enda þykja landamerkjabréf jarðanna skýrð eins og að framan greinir ekki ósamrýmanleg að þessu leyti. Verður jafnframt að hafna þeirri málsástæðu stefnda sem lýtur að því að með Ásgrímsstaðabréfi hafi verið kveðið á um aðra lögmeta skipan, sbr. 3. gr. vatnalaga, enda verður að gera þá kröfu að gögn séu skýr um ætlun til að víkja frá þeirri reglu, sem áður gildi ólögfest. Eins og fyrr kom fram styður orðalag landamerkjabréfs Ásgrímsstaða um „heyskap allan“ ekki þá staðhæfingu stefnda. Aðrar málsástæður stefnda, sem lúta m.a. að því að í örnefnaskrá fyrir Hrollaugsstæði séu merkin talin „nálægt Jökullæk“; að eignarhald stefnda á Jökullæknum sé í samræmi við skipan sem tíðkast hafi á þessu svæði og um nýtingu farvegarins til slægju af hálfu Ásgrímsstaðabænda á sínum tíma, hafa að áliti dómsins ekki það vægi að varpa rýrð á framangreindar röksemdir. Að öllu framanrituðu virtu eru ekki efni til annars en að fallast á dómkröfu stefnanda að því er viðvíkur þessum hluta landamerkja jarðanna.

Víkur þá að þeim hluta hinna umdeildu landamerkja, sem liggur frá Álftalækjarauga eftir farvegi Álftalækjar í Ásgrímsstaðavatn. Aðilar eru þar sammála um að miður farvegur Álftalækjar ráði merkjum og er því á þessu svæði einungis uppi ágreiningur um nákvæmni og réttmæti hnitsetningar stefnanda. Samkvæmt hnitsettri loftmynd sem stefndi hefur lagt fram á dskj. 40 eru þrjú punktar á þessum hluta línunnar þar sem fáeinum metrum munar á hnitsetningum aðila, þ.e. við hnit stefnanda nr. 14 við Álftalækjarauga, hnit nr. 23 og hnit nr. 25 við Ásgrímsstaðavatn, sem virðast samsvara hnitum stefnda nr. 131, 147 og 159. Auk þess ber í milli hnits stefnanda nr. 26 og hnits stefnda nr. 150 við örnefnið Sortukeldu eða Kelduós, handan við Ásgrímsstaðavatn. Þar sem stefndi hefur með framlagningu hnita sinna leitt líkum að því að einhverrar ónákvæmni kunni að gæta um framangreind fjögur hnit stefnanda nr. 14, 23, 25 og 26, þykir stefnandi verða að bera hallann af því að fullnægjandi sönnun fyrir réttmæti þeirra þykir ekki komin fram. Þar sem ekki er uppi ágreiningur um legu línunnar að öðru leyti en varðandi hnitsetningar verður með vísan til þess sem hér hefur verið rakið og fyrri umfjöllunar um réttmæti hnitsetningar stefnanda almennt, fallist á dómkröfu stefnanda, utan framangreindra fjögurra hnita.

Verður nú vikið að landamerkjum frá þeim stað þar sem línan kemur í Ásgrímsstaðavatn og yfir í það örnefni við vatnið sem stefnandi nefnir Kelduós en

stefndi Sortukeldu. Eins og fyrr sagði greinir aðila ekki á um þessar staðsetningar nema um nákvæma hnitsetningu þeirra. Á þessu svæði lýtur ágreiningur aðila að því hvort bein lína ráði merkjum þaðan sem landamerkjalinan kemur að vatninu eftir farvegi Álftalækjar og yfir í Kelduós, eða hvort vatnið ráði merkjum milli þessara staða, líkt og stefnandi heldur fram. Stefnandi hefur jafnframt uppi kröfu um viðurkenningu til netlaga í vatninu, með vísan til 4. og 5. gr. vatnalaga nr. 15/1923, sem stefndi hafnar.

Málatilbúnaður stefnda verður ekki skilinn öðru vísi en svo að hann byggir kröfu sína um sýknu af viðurkenningarkröfu stefnanda á því að jörðinni Ásgrímsstöðum tilheyri beinn eignarréttur að vatninu og botni þess, allt að þeirri „réttu línu“, - sem hann telur merkja beina línu, - sem draga beri þvert yfir vatnið og bakka þess milli framangreindra staða. Vísar stefndi þar í orðalag landamerkjabréfs Ásgrímsstaða frá 1890 og byggir á því að það bréf hafi ríkara sönnunargildi en hið yngra bréf Hrollaugsstaða, með tilliti til þess hvernig staðið var að undirritun bréfanna. Stefnandi byggir aftur á móti á því að hið yngra landamerkjabréf Hrollaugsstaða frá 1921, þar sem segir að vatnið ráði merkjum, gangi framar hinu eldra, auk þess sem aðrir kostir komi til greina við skýringu orðanna „rétt lína“, þannig að bréfin þurfi ekki að vera ósamrýmanleg að þessu leyti.

Landamerkjabréf Ásgrímsstaða lýsir merkjum við vatnið einungis með þeim orðum að merkin séu dregin „í Ásgrímsstaðavatn og svo rétta línu í Sortukeldu“. Sjá má af þeim hnitsettu loftmyndum sem stefndi hefur lagt fram, t.d. á dskj. nr. 38, að sú beina lína sem hann heldur fram að beri að draga milli þessara staða sker tvo tanga sem liggja út í vatnið frá landi Hrollaugsstaða og Hrollaugsstaðamegin línunnar liggja einungis tveir litlir vogar, en vatnið að öðru leyti Ásgrímsstaðamegin.

Fyrir setningu vatnalaganna nr. 15/1923 munu ekki hafa gilt neinar sérstakar réttarreglur um eignarhald að botni stöðuvatna, sbr. t.d. athugasemdir við 4. gr. frumvarps til laganna. Þótt fallast megi á það með stefnda að ekki sé ósennilegt að með orðunum „rétt lína“ sé átt við beina línu, þykja aðrir skýringarkostir ekki verða útilokaðir. Í ljósi þess hve fáort landamerkjabréf Ásgrímsstaða er um það hvernig merkin liggja við vatnið og þegar haft er í huga réttarástand á þeim tíma sem landamerkjabréf Ásgrímsstaða var þinglesið, verður ekki fullyrt út frá orðalagi bréfsins að meðvituð ákvörðun hafi verið tekin með undirritun þess um eignarhald að vatninu og botni þess þannig að í því felist önnur lögmæt skipan en sú sem nú er kveðið á um í 4. og 5. gr. vatnalaga. Verður að telja að sá sem heldur fram beinum eignarrétti yfir vatni og vatnsbotni, í andstöðu við nefndar reglur vatnalaga, beri sönnunarbyrði fyrir þeim.

Upplýst var við skýrslutökur fyrir dómi af aðilum og vitnum að af hálfu Hrollaugsstaðabænda hafi í gegnum tíðina verið lögð stund á veiði í Ásgrímsstaðavatni, án athugasemda af hálfu eigenda eða ábúenda Ásgrímsstaða svo vitað sé. Kvaðst vitnið Einar Kristinsson hafa frá barnæsku lagt net í vatnið út frá tóngum sem liggja við það suð-austanvert, sem samkvæmt málatilbúnaði stefnda tilheyra Ásgrímsstöðum, en stefndi kvað ekki hafa verið amast við því þótt Hrollaugsstaðamenn legðu net sín í Ásgrímsstaðalandi, þótt hann teldi fremur hafa verið lagt út frá vogunum. Að áliti dómsins er þetta ekki til þess fallið að styðja staðhæfingar stefnda um að hann eigi beinan eignarrétt að vatninu og tóngunum sem áður var lýst, allt að þeirri beinu línu sem hann heldur fram.

Eins og fyrr var rakið bendir ekkert til þess að ágreiningur hafi verið uppi um landamerki jarðanna fyrr en í seinni tíð. Að öllu framanrituðu virtu þykir ekki verða lagt til grundvallar að landamerkjabréf Ásgrímsstaða frá 1890 og Hrollaugsstaða frá 1921 séu ósamrýmanleg að því er varðar merki jarðanna við Ásgrímsstaðavatn. Þegar af þeim ástæðum sem að framan hafa verið raktar þykir stefndi verða að bera hallann af því að þær málsástæður sem hann byggir á til stuðnings kröfu sinni um sýknu af viðurkenningarkröfum stefnanda, teljast ósannaðar. Verður því fallist á kröfu stefnanda um að viðurkennt verði að bakki Ásgrímsstaðavatns ráði merkjum milli jarðanna frá þeim stað þar sem landamerkin koma í vatnið eftir farvegi Álfalækjar og að Kelduósi (Sortukeldu). Jafnframt verður, í samræmi við 4. og 5. gr. vatnalaga nr. 15/1923, fallist á þá kröfu stefnanda að viðurkenndur verði réttur Hrollaugsstaða til netlaga í Ásgrímsstaðavatni fyrir landi jarðarinnar.

Verður þá vikið að ágreiningi aðila um það hvernig merki liggi frá Kelduósi um Merkidal og að Víðastaðavatni. Stefnandi kveðst miða dómkröfur sínar við að bein lína liggi frá Kelduósi um Merkidal, þar til línan breyti um stefnu yfir að Víðastaðavatni og að ekki sé um frekari stefnubreytingar að ræða. Stefndi virðist aftur á móti miða við að línan liggi að hluta til í sveig eftir Merkidal, eins og sést af hnitsettum loftmyndum í málinu, t.d. dskj. nr. 12. Engar málsástæður eru þó settar fram af hálfu stefnda til stuðnings því að landamerkjalína jarðanna taki frekari stefnubreytingum en þeirri sem ágreiningslaust er að hún taki í Merkidal, nánar tiltekið við þann stað þar sem „fyrst sést á ríðandi mann“. Verður því lagt til grundvallar að línan liggi beint fram eftir dalnum, eins og dómkröfur stefnanda miðast við og að einungis sé um eina stefnubreytingu að ræða á línunni yfir að Víðastaðavatni. Ágreiningur aðila á þessu svæði lýtur þannig í fyrsta lagi að því hvar línan sem liggur eftir Merkidal breyti um stefnu og beygi í norðvestur (samkvæmt málvenju á svæðinu í norður) að Víðastaðavatni. Í öðru lagi lýtur ágreiningurinn að því hvar línan komi að vatninu, sem einkum snýr að því hvar örnefnið Vatnalækjarós hinn ytri sé að finna.

Stefnandi byggir dómkröfu sína á því að línan breyti um stefnu við „fyrrum vörðustæði utan á hálsinum“. Í byggingarbrefum fyrir Hrollaugsstaði frá 1912 og 1915 og landamerkjabréfi jarðarinnar frá 1921 er vísað til „vörðu utan á Hálsinum“. Verður af landamerkjabréfi Hrollaugsstaða ráðið að um sömu staðsetningu sé að ræða og „þar sem fyrst sést maður á hesti af Ásgrímsstaðahlaði þegar innan kemur Bóndastaðaveg“, en sú lýsing er nánast orðrétt sú sama og í landamerkjabréfinu fyrir Ásgrímsstaði frá 1890. Engin gögn liggja fyrir sem staðfesta að varða þessi hafi verið reist né hvar hún hafi þá staðið. Fyrir dómi þekktu aðilar málsins og vitni sem að því voru spurð ekki til staðsetningar vörðunnar, né hafa verið leidd í ljós nein ummerki um hana. Verður ekki í máli þessu byggt á því hvar varðan kunni hugsanlega að hafa staðið og er öllum málsástæðum stefnanda þar að lútandi hafnað.

Við vettvangsgöngu kom í ljós að ekki er uppi ágreiningur um legu Bóndastaðavegar, sem er gamall reiðvegur og nokkur ummerki sjást um, né um seinni tíma vegaframkvæmdir á svæðinu sem lýst er í stefnu, þótt deilt sé um hve mikil áhrif þessar framkvæmdir hafi haft á sjónlínu frá Ásgrímsstaðahlaði á gamla reiðveginn. Í framburði aðila og vitna fyrir dómi kom fram að nákvæm staðsetning þess staðar þar sem fyrst sást á ríðandi mann frá Ásgrímsstaðahlaði á árinu 1890 sé

þeim ekki kunn. Byggt er á því af hálfu beggja aðila að jarðvegsframkvæmdir, jarðvegsþykknun og fleiri þættir kunní að hafa haft áhrif á sjónlínu frá Ásgrímsstaðahlaði á reiðveginn, ýmist þannig að lengra hljóti að hafa sést inn eftir reiðveginum eða skemmra.

Við vettvangsgönguna kom í ljós að greina mátti veifur, sem komið var fyrir á stöngum í u.þ.b. 2,20 til 2,30 m hæð frá jörðu, á reiðveginum eða þar sem hann var talinn hafa legið til móts við þau hnit í Merkidal sem aðalkrafa og önnur varakrafa stefnanda eru byggðar á, þ.e. hnit nr. 27 og 28. Á grundvelli þess sem í ljós var leitt með þeirri prófun setti stefnandi fram þriðju varakröfu sína, sem byggir á því, eins og lýst er í kafla um málsástæður hans hér að framan, að á þeim stað, þ.e. við hnit nr. 36, geti reiðmaður fyrst sést frá Ásgrímsstaðahlaði, eins og aðstæður eru nú á vettvangi. Nálgast stefnandi með þeirri kröfu sinni verulega þá staðsetningu sem stefndi byggir á að sé rétt staðsetning þessa merkis.

Stefnandi byggir á því að landamerkjalyásingar gefi ekki til kynna að línan nái upp fyrir Merkidal og hefur stefndi tekið undir það, en aðila greinir á um hvar Merkidalur endar og flatlend mýri þar fyrir innan taki við. Landslagi á umræddu svæði er þannig háttað að um fremur flatlent svæði er að ræða og ekki við áberandi kennileiti að styðjast til marks um það hvar mörk dalsins og mýrarinnar liggja. Stefnandi hefur ekki fært nánari rök fyrir því hvernig stefndi hafi spilt kennileitum sem hafi verið til marks um þetta með skurðgrefti og er það ósannað.

Sléttlent svæði sem bent var á við vettvangsgöngu undir heitinu Merkiker af hálfu stefnda en Ljósalykkja af hálfu stefnanda, virðist af loftmyndum liggja austanmegin við miðjan Merkidal og er ágreiningslaust að land þar tilheyrir Hrollaugsstöðum. Getur staðsetning þess svæðis því ekki veitt neinar vísbendingar um staðsetningu hins umdeilda merkis.

Stefndi byggir á því að við þann stað á gamla reiðveginum sem hann kys að miða stefnubreytingu línunnar við, hætti reiðvegurinn að halla til suðurs og því standi líkur til þess að sést hafi þangað frá Ásgrímsstaðahlaði árið 1890. Eins og landslagi á þessu svæði er háttað og að teknu tilliti til vafa sem uppi er vegna m.a. jarðvegsframkvæmda og hugsanlegrar jarðvegsþykknunar á svæðinu, telur dómurinn einsýnt að sönnun um þá staðsetningu sem stefndi heldur fram yrði jafnmiklum vandkvæðum háð og sönnun um kröfur stefnanda í þessum efnum. Stefnanda hefur að áliti dómsins ekki tekist að leiða nægar líkur að staðhæfingum sínum um að staðsetning þessa merkis sé í samræmi við aðalkröfu hans, né heldur fyrstu og aðra varakröfu hans, sem byggðar eru á því annars vegar að stefna landamerkjalinunnar liggja þvert á stefnu línunnar í Merkidal og beint í austur-vestur og hins vegar á því að mörk Merkiduals geti ekki legið innar. Stefnandi hefur aftur á móti með þriðju varakröfu sinni nálgast svo mjög þann stað sem stefndi heldur fram að ekki munar nema á að giska fáeinum tugum metra. Jafnframt styður það sem fram kom við vettvangsgöngu að þar geti fyrst sést í ríðandi mann á reiðveginum miðað við núverandi aðstæður.

Þegar allt framangreint er virt þykir sýnt að úr óvissu um nákvæma staðsetningu þessa merkis verði ekki skorið með nákvæmari rannsókn en þegar hefur verið framkvæmd. Þykir því verða að fallast á það með stefnanda að sá staður þar sem landamerki jarðanna breyti um stefnu miðist við skurðpunkt beinnar línu eftir miðjum Merkidal og línu sem liggja um hnit stefnanda nr. 36, sbr. þriðju

varakröfu hans.

Ágreiningur aðila lýtur loks að legu línunnar úr framangreindum punkti þar sem stefnan breytist í Merkidal, yfir að Víðastaðavatni. Snýst ágreiningurinn um það hvar við vatnið örnefnið Vatnalækjarós hinn ytri sé að finna, en þangað liggur landamerkjálína jarðanna samkvæmt landamerkjabréfum beggja jarðanna.

Víðastaðavatn er ílangt stöðuvatn, breiðast um miðbikið en mjókkar í totu sem vísar inn til landsins, nokkurn veginn í suðurátt. Byggir stefndi á því að Vatnalækjarós hinn ytri sé ós læks sem rennur í vatnið við botn þeirrar totu frá Vatnablá sem liggja lengra til suðurs.

Stefnandi byggir aftur á móti á því að örnefnið Vatnalækjarós hinn ytri vísi til þess að um tvo ósa sé eða hafi verið að ræða og sé hann staðsettur lengra í austur, við breiðari hluta vatnsins þar sem það eigi sér annan vatnsfót í mýrlendu svæði sem liggur þar að vatninu. Að áliti dómsins verður að taka undir það með stefnanda að heitið Vatnalækjarós hinn ytri bendi til tilvistar annars Vatnalækjaróss, sem eftir atvikum kann að vera „hinn innri“. Þessu til svars byggir stefndi á að innri ósinn kunnir að vera í öðru vatni sem liggja á Vatnabláarsvæðinu og gangi undir heitinu Víðastaðavatn hið fremra eða innra, en lækurinn sem renni í Víðastaðavatn „ytra“ renni þar á milli.

Af loftmyndum sem liggja fyrir í málinu má skýrlega greina læk þann sem rennur í syðstu totu Víðastaðavatns (ytra) úr Vatnablánni eða Víðastaðavatni „innra“. Var þetta jafnframt staðfest við vettvangsgöngu, en þá kom einnig í ljós að á þeim stað sem stefnandi bendir á sem Vatnalækjarós hinn ytri seytlar nokkurt vatn úr mýrlendinu þar fyrir innan. Ekki verður með neinni vissu fullyrt af eða á um það hvort ummerki um lækjarfarveg séu greinanleg á þeim stað í mýrlendinu, hvorki af loftmyndum né því sem í ljós var leitt við vettvangsgöngu.

Þau vitni sem komu fyrir dóminn könnuðust ekki við annan ós sem Vatnalækjarós en þann sem stefndi bendir á syðst í totu Víðastaðavatns.

Máli sínu til stuðnings vísar stefnandi m.a. til þeirrar málvenju á svæðinu að rætt sé um norður þegar í raun sé átt við norðvestur. Virðist stefnandi byggja á því að í málvenju þessari felist einnig að þegar rætt sé um „suður“ sé átt við suðaustur og að málvenjan styðji þar með að „syðri vatnsfóturinn“, sem vísað sé til í umfjöllun um Hrollaugsstaði í ritinu Sveitir og jarðir í Múlaþingi, sé í þeim hluta vatnsins sem liggur syðst í austanverðum breiðasta hluta vatnsins, næst Merkidal. Í framburði vitnisins Guðmars Ragnarssonar, sem fæddur er og uppalinn í Hjaltastaðaðaþinghá, kom fram að málvenja um áttir á svæðinu lúti að því að rætt sé um norður og austur sem gagnstæðar áttir milli fjallgarða, í stað austurs og vesturs, en „utar“ og „innar“ þegar rætt sé um stefnu til sjávar og inn til landsins, en sú stefna samsvarar nokkurn veginn stefnunni norður-suður. Stefnandi hefur engar sönnur færð fyrir því að málvenja sé fyrir því á svæðinu að rætt sé um „suður“ þegar átt sé við austur eða suðaustur. Er sú málsástæða stefnanda að málvenja og umfjöllun um „syðri vatnsfót“ í tilvitnuðu riti styðji dómkröfu hans að þessu leyti því ósönnuð.

Stefnandi byggir á því að byggingabréfin tvö fyrir Hrollaugsstaði frá 1912 og 1915, styðji dómkröfu hans. Byggingarbréfin lýsa merkjum við vatnið svo að

línan liggir „beint í Víðastaðavatn, svo ræður Víðastaðavatn að Lækjarós, þaðan beina línu í miðjan Heygarð framan við Vatnablá“. Stefnandi byggir á að sá staður þar sem línan komi í vatnið sé Vatnalækjarós hinn ytri. Sú staðhæfing á sér ekki beina stoð í bréfunum, sem lýsa aðeins einum lækjarósi, og nefna ekki neinu nafni þann stað þar sem línan liggur að vatninu. Þá er ljóst að ósamræmi er milli byggingarbréfanna og landamerkjabréfs Hrollaugsstaða, þar sem í landamerkjabréfinu er hvergi getið um að merkin liggja eftir vatnsbakkanum heldur liggja línun, strax eftir að í Vatnalækjarós hinn ytri er komið, „réttlínis í austanverðan Heygarð innan við Vatnablá“ og er þar lýst merkjum gagnvart jörðinni Víðastöðum. Í lýsingu landamerkja Víðastaða og Hrollaugsstaða í landamerkjabréfi fyrrgreindu jarðarinnar sem þinglesið var 1884, segir: „Úr austanverðum heygarði, er liggur í Vatnablá beina leið þaðan í Víðastaðavatn fremra, svo ræður Vatnalækur úr Víðastaðavatni ytra.“ Bendir sú lýsing ekki til annars en að einn Vatnalækur hafi runnið á svæðinu, auk þess sem hún virðist staðfesta að á Vatnabláarsvæðinu innan við Víðastaðavatn „ytra“ hafi þá sem nú verið að finna annað vatn, Víðastaðavatn „fremra“, þar sem hugsanlegan „innri ós“ kann að vera eða hafa verið að finna.

Önnur atriði mæla einnig á móti því að örnefnið sé staðsett þar sem stefnandi heldur fram, svo sem staðhæfingar stefnda, sem ekki hefur verið mótmælt, um að frá þeim stað séu einungis tæpir 572 metrar yfir í miðjan Merkidal, en um 798,5 metrar frá þeirri staðsetningu óssins sem stefndi heldur fram. Samræmist síðarnefnd vegalengd betur lýsingu í ritinu Sveitir og jarðir í Múlaþingi þar sem mörk jarðarinnar Hrollaugsstaðir eru sögð liggja „um blána norður í syðri vatnsfótinn, þaðan þvert austur tæpan kílómetra“.

Síðari tíma túnrækt og girðingaframkvæmdir á landsvæði milli Víðastaðavatns og Þjóðveggarins, sem stefnandi telur samræmast þeirri legu landamerkjalinunnar sem hann heldur fram, kvaðst vitnið Guðmundur Karl Sigurðsson, bóndi í Laufási, telja þáverandi bónda á Víðastöðum hafa ráðist í á grundvelli ítaksréttinda í land Asgrímsstaða. Ekki verður séð að þær framkvæmdir geti stutt málstað stefnanda svo að þýðingu hafi við sönnunarfærslu fyrir dómkröfu hans.

Að framanrituðu virtu þykir stefnandi ekki hafa fært þær sönnur fyrir staðhæfingu sinni um staðsetningu örnefnisins Vatnalækjarós hinn ytri, að unnt sé að fallast á kröfu hans um viðurkenningu þess að landamerki jarðanna liggja í hnit nr. 29 samkvæmt dómkröfu hans.

Samkvæmt öllu framanrituðu er fallist á þriðju varakröfu stefnanda að því marki sem í dómsorði greinir, en að öðru leyti er stefndi sýkn af þeirri kröfu.

Með hliðsjón af atvikum öllum og úrslitum málsins verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 941.250 krónur, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Dómur þessi er kveðinn upp af Hildi Briem héraðsdómara, að gættu ákvæði 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, en dómsuppsaga hefur dregist vegna embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Fallist er á þá kröfu stefnanda, Dags Kristmundssonar, að landamerki milli jarðanna Hrollaugsstaða og Ásgrímsstaða í Hjaltastaðáþinghá á Fljótsdalshéraði, eftir að landamerkjalinna milli Hrollaugsstaða og Sands sker Jökullæk, liggi eftir farvegi Jökullækjar um hnit nr. 1. 571304,5298 - 719046,078, hnit nr. 2 571244,2319 - 719044,552, hnit 3 571087,5395 - 719006,3139, hnit 4 571020,6619 - 718964,265, hnit 5 570921,3104 - 718822,8432, hnit 6 570856,4724 - 718824,3837, hnit 7 570760,7831 - 718891,6174, hnit 8 570739,7559 - 718947,032, hnit 9 570737,8275 - 719088,4412, hnit 10 570724,4449 - 719138,124, hnit 11 570661,3775 - 719189,7115, hnit 12 570600,2275 - 719189,704, hnit 13 570502,7744 - 719151,4733 í Álftalækjarauga, og farvegi Álftalækjar um hnit 15 570579,2274 - 719025,3606, hnit 16 570609,8125 - 718943,1941, hnit 17 570640,3938 - 718893,5134, hnit 18 570686,2624 - 718843,8346, hnit 19 570727,2958 - 718731,1435, hnit 20 570703,825 - 718684,0755, hnit 21 570698,8157 - 718605,7601, hnit 22 570714,9616 - 718557,1974, hnit 24 570634,1713 - 718368,2474, í Ásgrímsstaðavatn, svo ræður vatnið að Kelduós sem fellur úr Merkidal. Svo eftir miðjum Merkidal í beinni línu um hnit 28 569493,5141 – 717900,2973, allt að skurðpunkti línu og eftir þeirri línu sem liggur um hnit nr. 36, 569360,762 – 717805,5, þar sem fyrst sést maður á hesti af Ásgrímsstaðahlaði, þá framan kemur bóndastaðaveg, og Vatnalækjarós hinn ytri.

Viðurkennt er að Hrollaugsstöðum fylgi réttur til netlaga í Ásgrímsstaðavatni þar sem Hrollaugsstaðir eiga land að vatninu skv. dómkröfu.

Að öðru leyti er stefndi, Friðrik V. Halldórsson, sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu.

Stefndi greiði stefnanda 941.250 krónur í málskostnað.

Hildur Briem